

**Nd.**

**295. Lög**

um skráning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hjer, og óheimilt er skipi að hafa islenskan fána, nema fullnægt sje skilyrðum þeim, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip eru eign fjelags, þar sem fjelagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu  $\frac{2}{3}$  fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal fjelagið eiga heimilisfang og varnarþing hjer á landi, enda eigi hver

af stjórnendum fjelagsins hluti í fjelaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.

4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal fjelag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef fjelag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip þau, er lögum samkvæmt hafa verið tekin á skrá yfir íslensk skip áður en lög þessi koma til framkvæmdar, skulu þó hafa rjett til að standa á skrá og nota íslenskan fána, þótt ekki sje fullnægt skilyrðum þessarar greinar um heimilisfang eigenda eða stjórnenda.

#### 2. gr.

Bannað er íslenskum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í konungsúrskurði nr. 41, 30. nóv. 1918, sbr. konungsúrskurð nr. 1, 12. febr. 1919.

#### 3. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert á landi hjer er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu á hendi. Fjármálaráðuneytið löggildir skipaskrár í umdæmi hverju. Skulu þær vera tvær:

1. Skrá yfir skip 12–30 smálesta brutto og
2. Önnur yfir skip yfir 30 smálesta brutto.

Halda skal fjármálaráðuneytið aðalskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hjer á landi samkvæmt lögum þessum, enda á það úrskurðarvald um mælingu skipa og skráningu.

#### 4. gr.

Umdæmaskrár skulu greina um hvert skip í dálki sjer:

1. Skráningarstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð.
2. Hverskonar skip það sje, lögun þess og aðalmál (lengd, dýpt og breidd)
3. Smálestatal skips, og með hvaða aðferð það sje reiknað.
4. Nafn, stöðu og heimildarbrjef eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafjelags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang, heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skráningarár og skráningardag.

#### 5. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá (sbr. 3. gr.) í áframhaldandi töluröð (1 2 3 o. s. frv.), eftir því hvenær skráningar er beiðst.

Skip yfir 30 smálestir skal skrá þar í lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, sem eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

#### 6. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipsmiðarskirteini, ásamt heimildarbrjefi eiganda eða eigenda, ef eiganda-skifti hafa orðið að skipi síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þessi í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðilja um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 4. gr.).
3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sje í raun rjettri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki að eins í orði kveðnu, og ef eigandi er fjelag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja samskonar yfirlýsing stjórnenda allra um það, að fullnægt sje skilyrðum þeim, er í 4. tölul. 1. gr. segir. Ennfremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskirteini skipsins skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi rjettindi skipa, skrásettra hjer á landi, nje sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sin hjer. Yfirlýsingar þessar skal aunaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notarii publici.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skirteina, er hjer segir, ef öflun þeirra er sjerstökum erfiðleikum bundin, enda sje rjettur aðilja til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar til þess að skráning megi fram fara með öðrum hætti fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hjer skip sitt, eða hann eigi í raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sina eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókni að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skifta.

#### 7. gr.

Nú telur lögreglustjóri, eftir atvikum að undangenginni rannsókni samkvæmt 6. gr., aðilja tvímælalaust fullnægja öllum lögsmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri fjármálaráðuneytinu skjöl þau, er í 6. gr. segir, ásamt rannsókni sinni og greinargerð um málið. Gerir ráðuneytið síðan annaðhvort, að leggja fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókni, og skal lögreglustjóri þá senda því skjölin af nýju, þegar rannsókni er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

#### 8. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt sem þess er kostur senda fjármálaráðuneytinu öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur

komið samkvæmt 6. og 7. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má i tje láta og máli skiftir. Skal ráðuneytið athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur ráðuneytið látið nýja mælingu fram fara. Ráðuneytið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef ráðuneytið telur skip ranglega skráð, þá getur það fyrirskipað rannsókn samkvæmt 6. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem i 7. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip skuli aftur strika af skrá.

#### 9. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 7. og 8. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstóla. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði i hjeraði og i æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hýort skrá skuli skip aðilja eða ekki.

#### 10. gr.

Nú telur fjármálaráðuneytið skip rjettilega skráð, og tekur það þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 smálestir brutto, þá gefur ráðuneytið út þjóðernis- og skráningarskirteini handa skipinu i því formi, er ráðuneytið ákveður. En ef skip er minna, þá gefur ráðuneytið að eins út mælingarbrjef því til handa, nema sigla eigi því til annara landa. Fær það þá þjóðernisskirteini auk mælingarbrjefsins.

Rita skal mælingarskirteini skips og alt það, er greina skal i skipaskrá samkvæmt 4. gr., á þjóðernisskirteini. Skirteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, i skipaskrá, leiðrjettir smálestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskirteini og fær aðilja það síðan i hendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki i umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 6 gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefir af hendi þjóðernis- og skráningarskirteini, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

#### 11. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka netto smálestatal þess og skráningarstafi á þiljubítann við aðalstaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkent skrásett íslenskt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhöggud. Eru þeir skráningarstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu latnesku lettri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku lettri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávalt vera að minsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna.

Ef skip siglir til annara landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

Bannað er að leynd nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sje gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, enda samþykki fjármálaráðuneytið breytinguna, og óbreyttir haldist skráningarstafir skipsins.

#### 12. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi fyrr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskirteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn á íslenska höfn, enda sje skirteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskirteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því.

Í þjóðernisskirteini til bráðabirgða skál greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sje.
2. Hvar og hvenær skip sje byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatil skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skirteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smiðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rjett að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skirteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskirteini. Þó getur skirteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sjerstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

#### 13. gr.

Þjóðernis- og skráningarskirteini skal ávalt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollafgreiðslu skips og samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirlíða landvarnarskipa eða viðskiftafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skirteini eða breyta nokkru í því, nema lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiftafulltrúi landsins erlendis.

#### 14. gr.

Nýtt þjóðernisskirteini skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafist, enda sje eldra skirteini skilað aftur um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiftafulltrúi hefir gefið út þjóðernisskirteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 6. sbr. 7. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskirteini glatast. Nú glatast skirteini erlendis, og gefur þá viðskiftafulltrúi landsins þar út þjóðernisskirteini til bráðabirgða (sbr. 12. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skirteinið sje útgefið. Skal sá, er biður um skirteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefir glatast.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskirteini þess stendur um það, hverskonar skip það sje, smálestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip af nýju, nema hallkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skirteinið. Ef breyting er skráð á skirteini, sendir lögreglustjóri fjármálaráðuneyti þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skirteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið svo skrásett af nýju.

#### 15. gr.

Ef eigandaskifti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rjetti til að sigla undir íslenskum fána, eða skipstjóraskifti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 4. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigandaskifti hafa orðið, bæði fyrveranda og núveranda eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því innan 4 vikna, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrjett samkvæmt því.

Skal svo skrá breytingarnar á þjóðernis- og skráningarskirteini skipsins, nema út verði gefið nýtt skirteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hjer segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiftafulltrúi landsins rita þær á skirteinið og senda fjármálaráðuneytinu þegar skýrslu um þær.

Rjett er, að rannsókn samkvæmt 6. sbr. 7. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigandaskifti eftir þessari grein varða.

#### 16. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskirteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða er ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiftafulltrúa Íslands þar þjóðernis-

skirteini þess, en hann sendir það síðan fjármálaráðuneytinu ásamt skýrslu um atburði.

2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, fjelags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rjetti til að nota íslenskan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, með sama hætti sem í 15. gr. segir, að skýra lögreglustjóra frá breytingunni innan 4 vikna frá því er hún varð. Ef eigandaskifti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiftafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skirteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda fjármálaráðuneytinu þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiftafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sje að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi, um breytinguna, og senda skjölin síðan fjármálaráðuneytinu. Nú verða eigandaskifti að skipi eða skipshluta vegna skifta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiftaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiftafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.
3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskirteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skirteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

#### 17. gr.

Lögreglustjóri skýrir fjármálaráðuneytinu jafnskjótt sem unt er frá hverri þeirri breytingu, sem í 15. og 16. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rjett aðilja til að hafa skip áfram skrásett á Íslandi eða grunur kemur upp um það, að sá rjettur sje glataður eða hafi aldrei verið til, nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra fjármálaráðuneytinu frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þess máls og úrskurð eins og í 6., 7. og 9. gr. segir.

#### 18. gr.

Ef eigandi æskir þess og sjerstök ástæða er til þess, þá getur fjármálaráðuneytið veitt skipi, sem heima á hjer á landi, leiðarbrjef til þess að fara hjer hafna á milli áður en það sje skrásett, enda hefir slíkt leiðarbrjef sama gildi hjer við land sem þjóðernis- og skrásetningarskirteini.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu rjett að veita skipi, ef nauðsyn ber til að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskirteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi ráðuneytið fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskirteini skal greina öll þau atriði, sem í 12. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskirteinið gildir ekki lengur en 2 ár, en þó getur ráðuneytið lengt frestinn, ef sjerstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskirteini, skal marka á það smálestatal og skrásetningarstafi eftir 11. gr.

19. gr.

Lögreglustjóra er skylt að láta í tje, gegn 5 króna endurgjaldi fyrir hvert skip, ágríp úr skipaskrá. Fjármálaráðuneytið lætur og í tje, með sömu skilyrðum, staðfest eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteinum og mælingarbrjefum. Greina skal á eftirriti, hvers vegna það var af hendi látið.

20. gr.

Það varðar sektum, 100–200 kr. á hverja brutto smálest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skrásetningarskirteini með visvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hjer.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er valda missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefir skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hjer eftir að lögin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefir aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.–3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmæltri refsingu fyrir það athæfi.

21. gr.

Það varðar 50–100 kr. sektum á hverja brutto smálest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 20. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsgr. 20. gr. eiga og hjer við.

22. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skifta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 20. og 21. gr., enda má kyrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorstveggja.

23. gr.

Ef aðili útvegar sjer annars eða lætur útvega sjer ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskirteini eða leiðarbrjef (18. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 11., 12., 13., 14., 15. eða 16. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, alt að 2000 kr., enda liggja ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda



ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur fjelaga og stofnana

25. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru settar.

26. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 25. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 25. gr. segir, skulu renna í rikissjóð.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 70, 28. nóv. 1919, um skrásetning skipa.